

Ed.

565. Nefndarátt

um. frv. til laga um einkasölu á áfengi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUM.

1. Við 2. gr.
 - a. Á eftir orðunum »samkvæmt 1. gr.« i fyrsta málslíð greinarinnar komi:
og 2. gr. áfengislaganna, sbr. lög nr. 3, 4. apríl 1923.
 - b. Í stað »áfengislöga komi: lög.
 - c. Síðari málsgrein falli niður.
2. Við 3. gr. Orðin »og er ríkisstjórninni« . . . og til enda greinarinnar falli niður.
3. Við 4. gr. Greinin orðist þannig:

Ríkisstjórnin skipar mann til að veita áfengisversluninni forstöðu. Hann, eða aðstoðarmaður hans, sem stýrir lyfjaversluninni, skal hafa lyfsalapróf, og má fela honum eftirlit með lyfjahúðum landsins. Lyfjateildinni er skylt að útvega frá útlöndum lyf, umbúðir og hjúkrunargögn, er talin verða í lyfjaskránni, fyrir ríkissjóð, lækna, er rjett hafa til lyfjasölu, og sjúkrahús. Sjúkrahúslæknir annast um útvegum á þessum vörum handa sjúkrahúsum. Sjúkrahúsum má þó ekki selja vín nje ómengaðan spiritus.
4. Við 5. gr. Orðin »Þó er slíkur brottrekstur« o. s. frv. til enda greinarinnar, falli niður.
5. Við 7. gr. Fyrir »50—100%« komi: 25—75%.
6. Við 10. gr. Orðin »veltufje og« í niðurlagi greinarinnar falli niður.

Alþingi, 23. mars 1928.

Jón Baldvinsson,
form.

Ingvar Pálmason,
fundaskr. og frsm.

Jóh. Jóhannesson.

Jón Þorláksson.

Páll Hermannsson.